

2336. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 16. október 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Edvard Börkur Edvardsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Jón Sigurður Pétursson
Ólafur Hrafn Ólafsson
Pálmi Haraldsson
Þorkell Máni Pétursson
Þorsteinn Haukur Harðarson

Á Teams:

Guðmundur Hafþórsson
Trausti Hjaltason
Tinna Hrunn Hlynisdóttir

Forföll:

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Sigrún Ríkharðsdóttir
Sveinn Gíslason
Tryggvi Gunnarsson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smárason samskiptastjóri sem ritaði fundargerð
Stefán Sveinn Gunnarsson markaðsstjóri

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2335). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF
 - a. Lagðar fram fundargerðir dómaranefndar, mótanefndar, grasrótarnefndar og fjárhagsnefndar. Á fundi mótanefndar 20. ágúst var fjallað um færslur leikja í efstu deildum, nýtt fyrirkomulag á leikvikum A landsliða karla á næsta ári, mögulega leikdaga í Lengjubíkar, lotukerfi yngri flokka og öryggismál við keppnisvelli yngri flokka. Á fundi dómaranefndar 23. september var m.a. fjallað um FIFA lista dómara og landsdómarahópin, fræðslumál og þjálfun, og um kjaramál KSÍ-dómara. Á fundi grasrótarnefndar 22. september var m.a. farið yfir endurgjöf frá Molaverkefni ársins, mikilvægi háttvísiverðlauna, grasrótar- og útbreiðslumál í stefnumótun KSÍ, heilbrigðismál og þátttöku eldri iðkenda, og tengsl við svæðisstjóra UMFÍ. Á fundi fjárhagsnefndar 18. september var farið yfir uppgjör EM kvenna, spá ársins 2025 og fjárhagsáætlun, og þá var einnig rætt um gengismál.
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson formaður ÍTF greindi frá nýjustu fréttum af vettvangi samtakanna. Mótin eru að klárast og verðlaunaafhendingar framundan. Skrifstofa ÍTF er að flytjast í húsnaði KSÍ í Laugardalnum og lýsti Heimir Fannar yfir ánægju með þá

ákvörðun. Sérstakur fundur um skattamál íþróttafélaga var haldinn í vikunni og skattamál almennt eru mikið rædd hjá félögunum þessa dagana. Í vikunni var staðfest framlenging á samningi ÍTF og KSÍ við Genius um streymis- og gagnaréttindi. Framundan er sala á útsendingarrétti frá Bestu deildum karla og kvenna sem er laus í lok árs 2026.

3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu

- a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fjallaði stuttlega um ýmis verkefni skrifstofu síðustu vikur og mánuði.

Landsleikir og verkefni landsliða hafa verið fyrirferðarmikil og einnig voru nýlega leiknir úrslitaleikur bikarkeppni neðri deilda og úrslitaleikur umspils Lengjudeildar. Þá fór Eysteinn yfir nýlegar ráðningar landsliðsþjálfara - Halldór Jón (Donni) Sigurðsson er nýr þjálfari U19 kvenna og þeir Ólafur Helgi Kristjánsson (aðstoðarþjálfari) og Amir Mehica (markmannsþjálfari) koma inn í þjálfarateymi A landsliðs kvenna. Breytingar eru framundan í starfsmannahaldi dómaramála á skrifstofu KSÍ og hefur verið auglýst eftir starfsmanni í dómaramál. Eins og kemur fram hér að framan þá er ÍTF að flytja sína starfsemi í húsakynni KSÍ og er vinna við útfærslu á skrifstofuaðstöðu ÍTF í fullum gangi. Samningur hefur verið gerður milli KSÍ og Breiðabliks um leiki Blika í Sambandsdeild UEFA á Laugardalsvelli. Marcello Alleca frá UEFA (Head of National Team Competitions) heimsótti KSÍ í nýloknum leikjaglugga A landsliðs karla og kynnti sér aðstæður á Laugardalsvelli, skoðaði meðal annars framkvæmdir við leikflötinn, auk þess sem hann kynnti sér fyrirhugaða uppbyggingu leikvangsins og úrbætur á búningsklefum og annarri aðstöðu keppnisliða. Skólaþorpið á bílastæðinu við Laugardalsvöll er að miklu leyti risið og aðalskipulag svæðisins nýverið komið í auglýsingu - fram kom í máli Eysteins að ekki sé hægt að sjá að tekið sé nokkuð tillit til athugasemda KSÍ við framkvæmdina. Framundan er heimsókn fulltrúa KSÍ á Egilsstaði þar sem aðstæður verða skoðaðar fyrir komandi ársþing KSÍ sem haldið verður í febrúar 2026. Undirbúningur fyrir árlegan fund formanna og framkvæmdastjóra aðildarfélaga KSÍ er í fullum gangi og verður fundurinn haldinn í höfuðstöðvum KSÍ 29. nóvember næstkomandi. Þá greindi Eysteinn frá ýmsum fundum, m.a. með stjórn Þjóðarleikvangs ásamt ríki og borg, fundi með ÍTF um samstarf KSÍ og ÍTF, fundi með ÍSÍ og fleirum um íþróttir og veðmál, fundi með ÍSÍ um afrekssjóð, en KSÍ er eitt af fáum samböndum sem hefur skilað inn greinargerð eða athugasemdum til ÍSÍ vegna fyrirhugaðra breytinga á úthlutunarreglum sjóðsins. Loks sagði Eysteinn frá nýlegum heimsóknum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, þar sem m.a. var rætt um uppbyggingu Laugardalsvallar og framtíð hans sem þjóðarleikvangs, og um ferðakostnað íþróttafélaga.

4. Fréttir frá landshlutafulltrúum

- a. Þorsteinn Haukur Harðarson (Vesturland) greindi frá því að verið sé að byggja knattspyrnuhöll með hálfum velli í Borgarnesi og er áætlað að hún verði tilbúin á næsta ári. Þorsteinn kom á framfæri ábendingu frá félagi á sínu svæði varðandi félagaskiptaglugga almennt, að óheppilegt sé að þeir opni ekki og loki á sama tíma milli deilda. Guðmundur Bj. Hafþórsson (Austurland) sagði frá góðu samstarfi og virkum samskiptum við svæðisstjóra ÍSÍ og hrósaði þeim fyrir þeirra framgöngu. Fulltrúar ÍSÍ eru mjög virkir fyrir austan og hafa m.a. virkjað samtalið á milli sveitarfélaga og íþróttafélaga á svæðinu, aðstoðað félögin við öflun styrkja, unnið með sveitarfélögum að auka stuðning við æfingar fyrir krakka með sérþarfir, og verið í greiningu á brottfalli í knattspyrnu. Viðgerð á þaki Fjarðabyggðarhallarinnar er lokið, stúka fyrir Fellavöll er komin austur og verður sett upp fyrir næsta sumar, hálf höll komin á fjárfestingaáætlun

Múlþings, og framundan er undirbúningur vegna ársþings KSÍ 2026 sem haldið verður á Egilsstöðum í febrúar. Trausti Hjaltason (Suðurland) greindi frá framkvæmdum við nýjan gervigrasvöll KFR á Hellu, uppbygging hefur verið þar undanfarið og mikill metnaður í félaginu. Þá fór Trausti yfir gengi liðanna á Suðurlandi sumarið 2025, og fram kom í máli Trausta að gaman væri að sjá að félög á Suðurlandi (t.d. Hamar í Hveragerði) áttu fulltrúa í yngri landsliðum á árinu. Trausti nefndi einnig að sem formaður grasrótarnefndar hlakki hann til að sjá áhugaverða greiningu á brottfalli iðkenda á Austurlandi. Loks benti Trausti stjórnarmönnum á skemmtilegt grasrótarverkefni á vegum Próttar R. - ReyCup fyrir eldri iðkendur.

5. Markaðsstarf KSÍ / Kynning

- a. Stefán Sveinn Gunnarsson markaðsstjóri KSÍ kynnti ýmsa þætti í markaðsstarfi sambandsins, helstu verkefni og áskoranir, fór yfir ýmsa samninga, réttindamál, og kom inn á samspil verkefna markaðssviðs og samskiptadeildar. Þá fór Stefán Sveinn stuttlega yfir bakhjarla og samstarfsaðila, uppbyggingu og þróun þeirra samninga, sjónvarps- og markaðsréttindi og muninn á t.d. réttindapakka A karla og A kvenna, réttindi móta innanlands og hugmyndir til framtíðar, og ýmis önnur réttindamál. Þá kom Stefán einnig inn á tekjur af leikdögum á Laugardalsvelli, tækifæri og hugmyndir til næstu framtíðar, og margt annað. Ýmsar spurningar voru bornar upp og var Stefán til svara, og þökkðu stjórnarmenn fyrir góða kynningu.

6. Fjármál

- a. Vinna er hafin við fjárhagsáætlun komandi árs og eru þar áskoranir sem blasa við sambandinu. Eysteinn fór yfir greiningu á þróun vaxandi dómarakostnaðar síðustu ár og samanburð við þróun þátttökugjalda í mótum meistaraflokka. Ljóst er að dómarakostnaður hefur hækkað verulega á síðustu árum og bilið heldur áfram að breikka milli þess kostnaðar og þeirra framlaga (m.a. þátttökugjalda félaga) sem koma á móti. Miklar umræður urðu um dómarakostnað og þátttökugjöld, aðdraganda þeirrar ákvörðunar KSÍ á sínum tíma að taka yfir dómarakostnað, og ekki síður um þróun mála síðan sú ákvörðun var tekin. Fram kom í máli stjórnarmanna að við þessu verði að bregðast og finna lausnir með félögunum í landinu. Ýmsum hugmyndum var velt upp og leiðir til að leysa stöðuna til skemmri og lengri tíma ræddar. *Stjórn ákvað að fela fjárhagsnefnd að taka málið áfram í samvinnu við ÍTF og vinna tillögur að leiðum til að leysa stöðuna.*

7. Laugardalsvöllur

- a. Eysteinn framkvæmdastjóri kynnti skýrslu vegna bráðabirgðauppgjors á framkvæmdum við Laugardalsvöll. Upphafleg kostnaðaráætlun vegna vinnu við leikflötinn var um 502 mkr og niðurstaða framkvæmdar er um 505 mkr. Miðað við niðurstöðuna fór sá verkhloti 0,6% yfir áætlun og KSÍ hefur staðið straum af þeim kostnaði. Lýsing vallarins hafði um nokkurn tíma verið metin ófullnægjandi og voru leikir á vellinum á tímabundinni undanþágu frá UEFA. Ráðist var í nauðsynlegar framkvæmdir vegna þess að upphæð um 59 mkr og var þeim lokið að fullu fyrir októberleiki A landsliðs karla. KSÍ greiddi þann kostnað en væntir þess að til komi endurgreiðsla frá Reykjavíkurborg. Þá eru ótaldir verkbættir sem falla undir rekstur og viðhald leikflatarins og er þar m.a. átt við tækjakost og annað sem KSÍ hefur lagt út fyrir, en skal skv. rekstrarsamningi greiðast af eiganda mannvirkisins (Reykjavíkurborg). Þá fór Eysteinn yfir kostnaðaráætlun við næsta áfanga í framkvæmdum við þjóðarleikvanginn, sem snýr að svæðum í kjallara

mannvirkisins (Baldurshagi, búningssklefar og önnur aðstaða liða og dómara, fjölmiðlaaðstaða og annað). Vonir standa til að hægt verði að hefja þær nauðsynlegu framkvæmdir snemma árs 2026 með góðum stuðningi ríkis og borgar.

- b. Þorvaldur formaður greindi frá góðum fundi fulltrúa KSÍ með stjórn Þjóðarleikvangs ehf. og fulltrúum ríkis og borgar sem fram fór í höfuðstöðvum KSÍ síðastliðinn föstudag, í aðdraganda leiks A landsliðs karla við Úkraínu. Fundarefnið var staða Laugardalsvallar, uppbygging hans og framtíð sem Þjóðarleikvangs. Ingi Sigurðsson er fulltrúi KSÍ í stjórn Þjóðarleikvangs og fór hann yfir stöðu mála og sína upplifun af fundinum. Vonir KSÍ eru að fljótlega muni liggja fyrir ákvarðanir eigenda Þjóðarleikvangs ehf. um næsta fasa framkvæmda og framtíðaráform uppbyggingar á Laugardalsvelli.

8. Lög og reglugerðir

- a. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri kynnti tillögur að félagaskiptagluggum ársins 2026. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögurnar.*
- b. Fyrir lá tillaga mótanefndar um skipan í starfshóp til að rýna og meta mót og keppnisfyrirkomulag í meistaraflokki kvenna (fjöldi liða og fjöldi leikja):
 - Linda Hlín Þórðardóttir, formaður
 - Sigríður Guðmundsdóttir - FH
 - Erna Björk Sigurðardóttir - Breiðablik
 - Guðrún Jóna Kristjánsdóttir - knattspyrnubjálfi
 - Dóra Sif Sigtryggsdóttir - Þór/KA
 - Magnús Helgason - Gróttu, yfirmaður knattspyrnumála
 - Jónas Halldór Friðriksson - Völsungur
 - Linda Guðbjörg Fanndal Torfadóttir - Fulltrúi ÍTF

Starfsmenn:

- Margrét Magnúsdóttir, landsliðsmál
- Birkir Sveinsson og Guðlaugur Gunnarsson, mótamál

Stjórn samþykkti tillöguna.

9. Mótamál

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór stuttlega yfir mótamál og greindi m.a. frá samtali sem er í gangi milli KSÍ og ÍTF um upphafsdagsetningar móta. Margir stjórnarmenn tóku til máls og veltu upp ýmsum hagnýtum atriðum sem tengjast leikjadagatali, niðurröðun leikja og fyrirkomulagi móta meistaraflokka almennt.

10. Landsliðsmál - Málefni landsliða og næstu verkefni

- a. Þorvaldur formaður fór stuttlega yfir landsliðsmál almennt. Margir landsleikur hafa verið leiknir á undanförunum vikum og mánuðum - A landslið og yngri landslið beggja kynja. Leikjaglugga hjá A landsliði karla í undankeppni HM 2026 er nýlokið þar sem liðið mætti Úkraínu og Frakklandi í tveimur heimaleikjum og U21 karla vann sinn fyrsta sigur í undankeppni EM þegar liðið lagði Lúxemborg á Þróttarvelli. A landslið kvenna mætir N-Írlandi í umspilsleikjum um sæti í Þjóðadeild A í október - heima og heiman.

11. Önnur mál

- a. Skattamál íþróttahreyfingarinnar voru rædd almennt og tóku margir stjórnarmenn til máls.
- b. Helga Helgadóttir hefur verið skipuð í nefnd FIFA um keppni knattspyrnuliðsliða á

Ólympíuleikum (*Olympic Football Committee*). Þorvaldur Örlygsson hefur verið skipaður formaður nefndar um stafræna þróun knattspyrnunnar (*Football Technology, Innovation and Digital Transformation Committee*).

Fundi slitið kl. 18:22.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir 20. nóv. og 18. des.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Jón Sigurður Pétursson

Trausti Hjaltason

Þorsteinn Haukur Harðarson

Guðmundur Björnsson Hafþórsson

Undirritunarsíða

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Ólafur Hrafn Ólafsson